

Að því leyti málið hefir verið rekið með gjafsóknarleyfi vottast, að rekstur þess í héraði hefir verið vítalaus og málsvörnin fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Undirréttardómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjandi cand. phil. Páll Bjarnarson greiði málfutningslaun hins skipaða málsfærslumanns stefnda fyrir yfirdómi Odds Gíslasonar málsfærslumanns, 25 krónur.

Dóminum skal fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 10/1903:

Halldór Bjarnarson
gegn

Ásgrími Magnússyni.

D ó m u r:

Áfrýjandinn Halldór Bjarnarson prestur á Presthólum og stefndi Ásgrímur barnakennari Magnússon gjörðu að Presthólum 14. júní 1897 svofeldan skriflegan samning með sér, að Ásgrímur lofaði að vera í kaupavinnu hjá Halldóri presti hina næstu 3 mánuðina eða hjá Páli bróðir prests á Sigurðarstöðum, og færi svo, að Ásgrímur fengi eigi atvinnu við verzlun Otto Tulinusar, skyldi hann verða ársmaður hjá þeim bræðrum við alla venjulega vinnu, að undanteknum

þeim tímum, sem hann hefði eða gæti fengið barnakenslu. Af sinni hálfu lofaði Halldór prestur Bjarnarson að greiða Ásgrími 150 kr., $\frac{2}{3}$ hluta í haust er kemur (o: 1897) og hitt að ári, svo og að vera honum í útvegum um barnakenslu þar í prestakallinu næsta vetur á eftir. Frá 14. júní til 30. sept. 1897 var Ásgrímur samkvæmt þessum samningi í kaupavinnu hjá þeim bræðrum Halldóri presti og Páli Bjarnarsyni, en frá 1. okt. nefnt ár gjörðist hann barnakennari í Presthóla-sókn, ráðinn til þess starfa af sóknarnefndinni. Af hinu umsamda sumarvinnukaupi sínu tjáist Ásgrímur eigi hafa fengið meira en 6 kr. borgaðar hjá Halldóri presti, og þar eð séra Halldór eigi sinti kröfum hans um frekari greiðslu, lögsótti Ásgrímur Halldór prest fyrir aukarétti Þingeyjar-sýslu, og var máli því ráðið til lykta með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 5. okt. 1901, á þá leið, að séra Halldór var dæmdur til að greiða Ásgrími 144 kr. með 5% vöxtum frá 27. maí 1901 til borgunardags og 25 kr. í málskostnað.

Dómi þessum og 2 úrskurðum, uppkveðnum í héraði undir rekstri málsins, hefir Halldór prestur Bjarnarson skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 27. jan. þ. á., og hefir hann fengið uppreistarleyfi til áfrýjunarinnar. Hanu hefir hér fyrir réttinum gjört þær kröfur, að málið verði í heild sinni með ógilding úrskurðar 1. júlí 1901, eða að nokkru leyti, vísað frá meðferð eða dómsálegging aukaréttarins, eða að málið verði með ógilding úrskurðar frá 31. ágúst 1901 með eða án ógildingar

á sýslumannsbréfi, dags. sama dag, vísað heim til löglegrar meðferðar, þannig, að krafa áfrýjanda um frest eða reassumption málsins í undirrétti verði tekin til greina, en til vara krefst hann þess, að hann verði alsýknaður af kærnum og kröfum mótpartsins, og til þrautavara, að hann verði að þessu sinni sýknaður af $\frac{1}{3}$ kaupkröfunnar, sem ekki var fallin í gjalddaga við málshöfðun; svo krefst hann og málskostnaðar fyrir báðum réttum, er sé nægilegur eftir mati yfirdómsins. Stefndi Ásgrímur Magnússon hefir af sinni hálfu gjört þær kröfur, að aukaréttardómurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur í 60 kr. málskostnað fyrir yfirdómi, eða til að greiða í þessu skyni einhverja hæfilega upphæð eftir mati réttarins.

Heimvísunar- og ógildingarkröfu sína byggir áfrýjandi aðallega á því, að málið sé í eðli sínu hjúamál, og hafi það átt að koma fyrir einkamála-lögreglurétt í héraði, en eigi fyrir aukarétt. En þetta er ekki rétt, því að málið alt og kröfur stefnda styðjast við sérstakan vinnusamning, samninginn 14. júní 1897, en eigi við hjúalögin, og er nefndur samningur í ýmsum atriðum frábrugðinn venjulegum vistarsamningum. Það var því rétt að málið var sótt fyrir aukarétti, og verður því ekki heimvísað fyrir þessa skuld, né úrskurðurinn 1. júlí 1901 feldur úr gildi. Þá krefst áfrýjandi þess, að úrskurður feldur í héraði í málinu 31. ág. 1901 verði dæmdur ógildur, undirréttardómurinn ómerktur og málinu heimvísað fyrir þá skuld, að

honum var með áminstum úrskurði neitað um framhaldsfrest til varnar í málinu, eftir að hann hafði haft 2 mánaða frest í því. Þessi úrskurður virðist þó hafa verið fyllilega á rökum byggður, því að áfrýjandi færði engar réttmætar ástæður fyrir frestbeiðni sinni, og gjörði enga grein fyrir því, hvernig hann hefði notað hinn langa fest, sem hann þegar var búinn að hafa. Þá verður það eigi séð, að hann hafi löglega og formlega farið þess á leit, að málið væri reassumerað, eftir að það var tekið undir dóm í héraði, enda virðist hann eigi hafa lagt fram nauðsynlegan og sjálf-sagðan kostnað eða sett tryggingu fyrir honum, sem var lögmætt skilyrði sett af undirdómaranum fyrir endur-upptekning málsins.

Með því að þannig eftir hinu framanritaða eigi er ástæða fyrir því, að vísa málinu frá undir-rétti eða að ómerkja aukaréttardóminn, verður dómur að ganga um aðalefni málsins, og þar sem áfrýjandi hefir hvorki í héraði né fyrir yfirdómi athugað neitt, er mark sér á takandi, gegn kröfum stefnda, og með því að svo verður að líta á, að öll krafa stefnda samkvæmt samningnum 14. júní 1897 hafi verið komin í gjalddaga fyrir samuningsrof áfrýjanda, þegar mál þetta var höfðað, þá ber að taka kröfu stefnda til greina, að því leyti sem héraðsdómarinn hefir gjört það, en héraðsdómnum verður eigi breytt stefnda í vil, með því að hann hefir eigi gagnáfrýjað honum. Samkvæmt þessu ber að staðfesta aukaréttardóminn í

öllum greinum, bæði ákvæði hans um skuldarupphæðina, um vexti og um málskostnað, og eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnan fyrir yfirdómi, er ákveðst 40 kr. Svo þykir og eftir málavöxtum rétt, að áfrýjandi greiði sekt fyrir þarflausa málsýfingu samkvæmt tilsk. 11. ág. 1819; ákveðst sektin samkvæmt þessu lagabóði, sbr. við tilsk. 24. jan. 1838, 3. gr., 10 kr., og rennur í landssjóð.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjandi Halldór Bjarnarson prestur í Presthólum greiði stefnda Ásgrími Magnússyni málskostnað fyrir yfirdómi að upphæð 40 kr. Svo skal áfrýjandi og greiða sekt til landssjóðs 10 kr.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 33/1903:

Jón Þorkelsson
gegn
Bjarna Símonarsyni.

D ó m u r:

Með framsali, gjörðu 20. okt. 1902, afsalaði verzlunarstjóri J. P. T. Brydes verzlunar í Reykja-